

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Hákonsen, Gustav Ragnar, vélstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Hammer, Sigvard Antoni Andreassen, verkamaður á Ísafirði, fæddur í Noregi.
3. Haraldsen, Godtfred, húsgagnabólstrari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
4. Kaaber, Ludvig Emil, bankastjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
5. Lüders, George Oluf Emil Liedarzick, húsgagnasmiður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. febrúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal vátryggingarfélag, sem heitir „Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna“, og er hlutverk þess að tryggja gegn dauða og örorku af völdum stríðsslysa skipshafnir á þeim íslenskum skipum, sem slíka tryggingu þurfa að kaupa.

Með stríðsslysum er átt við öll slys, sem verða beinlínis af völdum styrjaldar eða borgaraeirða, þar sem vopnum er beitt.

Trygging samkvæmt lögum þessum tekur einnig til þess, er skipshöfn ferst með skipi, sem týnist án þess að til spyrjist, hversu týnt hefir.

2. gr.

Til tryggingar á skuldbindingum þeim, sem félagið tekur á sig, skal sjá því fyrir áhættufé, sem nemur kr. 600000.00. Ábyrgist ríkissjóður 60% af áhættufénu, eigendur